



KNATTSPYRNUFÉLAG FJARÐABYGGÐAR

Fjarðabyggð - Huginn

2. deild karla

Eskjuvöllur

9. september 2017

EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA LIÐIÐ



LANDSBANKINN
HÓTEL CAPITANO
SPARISJÓÐUR NORÐFJARÐAR
TM
OLÍS
PVOTTABJÖRN
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
BÍLALEIGA AKUREYRAR
ORKUSALAN
LAUNAFL
AUSTFJARÐALEIÐ
ÍSLANDBANKI
EFLA, VERKFRÆÐISTOFA
KAFFIHÚS ESKIFJARÐAR
ICELANDAIR
VÍS
SAMHENTIR, UMBÚÐALAUSNIR
SALTKAUP
SJÓVÁ
FISKMIÐ
EIMSKIP
EGERSUND
ARION BANKI
VHE
GP SÓNAR
SAMSKIP
BRAMMER
RARIK
GESKUR

FJARÐABYGGÐ - HUGINN

Góðan og gleðilegan dag.

Það er áhugaverð staða komin upp í 2. deildinni, svo ekki sé meira sagt. Fjarðabyggð hefur verið við það að finna taktinn í sumar og átt mikið betri seinni umferð en þá fyrri. Liðið er nú með 21 stig rétt eins og þrjú önnur þegar aðeins þrjár umferðir eru eftir. Hin liðin eru Höttur, KV og Vestri. Sindri er fallið enda liðið aðeins með 9 stig. Fjarðabyggð á einhvers konar Austurlandsriðil eftir. Það er Huginn í dag, þá Höttur úti og að lokum Sindri heima. Fjarðabyggð hefur nú lengst um verið stórveldið á Austurlandi og þurfa okkar menn aldeilis að sýna að svo sé í næstu leikjum.

Síðasti leikur tapaðist 3-0 gegn Magna frá Grenivík. Magni er geysilega sterkt lið og væntanlega á leið í Inkasso deildina ásamt Njarðvík. Víðir frá Garði á enn möguleika á að fara upp en það verður að teljast afar ólíklegt.

Gestir dagsins hafa átt gott tímabil og eru í 4. sæti deildarinnar. Liðið vann Völsung 2-1 í síðasta leik. Það verður því við ramman reip að draga í dag en látum í okkur heyra! Áfram Fjarðabyggð!

Fjarðabyggð

- Milos Peric
- Sveinn Fannar Sæmundsson
- Nikola Kristinn Stojanovic
- Milos Vasiljevic
- Loic Cédric Mbang Ondo
- Stefán Þór Eysteinnsson
- Marteinn Þór Pálmason
- Jóhann Ragnar Benediktsson
- Hlynur Bjarnason
- Haraldur Bergvinsson
- Adam Örn Guðmundsson
- Þorvaldur Marteinn Jónsson
- Víkingur Pálmason
- Georgi Karaneychev
- Anton Bragi Jónsson
- Filip Sakaluk
- Morten Levinsen
- Zoran Vujovic
- Aron Gauti Magnússon
- Mikael Natan Róbertsson
- Enrique Ramirez Rivas
- Hafsteinn Gísli Valdimarsson
- Pálmi Þór Jónasson
- Sævar Örn Harðarson

Þjálfari: Dragan Stojanovic

Huginn

- Bergsteinn Magnússon (M)
- Blazo Lalevic
- Emil Smári Guðjónsson
- Rúnar Freyr Þórhallsson
- Birkir Pálsson (F)
- Gonzalo Zamorano Leon
- Kifah Moussa Mourad
- Stefán Ómar Magnússon
- Nik Anthony Chamberlain
- Alberto Jesus Garcia Balta
- Daniel Garceran Moreno

Varamenn

- Gauti Skúlason
- Hörður Bragi Helgason
- Stefán Jóhannsson

Þjálfari: Brynjar Skúlason

Miðað er við skýrslu síðasta leiks Hugins

NÆRMYND: VÍKINGUR PÁLMASSON

Uppáhalds lið í enska? Manchester United.

Uppáhalds fótboltamaður?

David Beckham verður alltaf efstur í þessum flokki.

Hver í liðinu tekur minnst í bekk?

Ég held að Sveinn Fannar kunni ekki að lyfta lóðum.

Af hverju ertu nr 13? Það ætlaðist þannig að þegar ég var að koma til baka í KFF úr Þór þá átti ég samtalið við Heimi. Hann sagði að valið stæði á milli þess að vera nr. 5 eða 13 en þar sem treyja nr. 5 var stærri þá vildi hann geyma hana fyrir stærri leikmann sem væri líklega að koma. Hann hafði hins vegar áhyggjur af því að 13 væri óhappatala eins og margir trúu. Ég sagði honum að það skipti ekki neinu máli og þetta tímabilið skoraði ég nokkur mörk og var næst markahæstur í liðinu, þannig ég var ánægður með treyjuna og hef haldið henni síðan. Reyndar féllum við það sumar þannig að kannski var þetta ólukkutreyja eftir allt.



Hver í liðinu væri draumafélagi í Trivial? Við Stebbi myndum vinna flesta.

Hver væri alls ekki draumafélagi í Trivial? Adam.

Uppáhalds matur? Humar í forrétt og hreindýr í aðalrétt er ansi góð máltíð.

Hver verður besti tannlæknirinn í fjölskyldunni eftir 10 ár? Það verður erfitt að toppa pabba sem kann og getur allt í þessum fræðum. En hann gæti mögulega verið hættur eftir 10 ár þannig þá verð ég væntanlega orðinn lang bestur.

Skemmtilegasta minning frá ferlinum? Það var fjári skemmtilegt þegar við sigruðum Leikni 5-1 í síðasta leik tímabilsins árið 2013. Við tryggðum okkur þar með sigur í deildinni og lyftum bikarnum á þeirra heimavelli. Einnig gleymi ég seint fyrsta u17 landsleiknum mínum sem var gegn stjórnnum Englands.

Hvað þarf liðið að gera til að leika í 2. deild að ári?

Taka amk. 6 stig úr síðustu þremur. Helst öll 9.

Uppáhalds hljómsveit?

Ég get hlustað á Metallica og Alice in Chains alla daga.

Eitthvað að lokum? Þakkir til allra þeirra sem hafa komið á völinn í sumar þrátt fyrir erfitt sumar.



SPÁMAÐURINN

Elvar Geir Magnússon, ritstjóri Fotbolti.net, spáir í spilin í dag. Elvar er mikill Bjartmarsmaður og eru lögin Járnkarlinn og Sumarliði er fullur í miklu uppáhaldi hjá honum. Þá er Elvar einnig liðtækur skopmyndateiknari og aðdáandi þáttana Hæ Gosi. En hvernig fer leikurinn Elvar?

„Huginn er dottinn úr raunhæfum séns á að komast upp svo ég reikna með því að Fjarðabyggð gíri sig betur í þennan leik. Það verður kátína á Eskjuvelli eftir dramatískan 2-1 sigur. Á Seyðisfirði munu menn drekkja sorgum sínum í sexföldum vodka í G-mjólk á Lárinni. .“

